

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 16.3.2020
Tilvísun: 202002-0042/42-0 Umsagnir almennt
JG,OKV,TB
tb

Efni: Skógrækt í landi Hallfríðarstaða, Hörgárdal

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum skógrækt í landi Hallfríðarstaða í Hörgárdal skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

- Hallfríðarstaðir í Hörgárdal eru á láglandi dalsins sem fyrst og fremst er nýtt til landbúnaðar. Bæði er um hefðbundna búfjárrækt að ræða en jafnframt er skógrækt stunduð á nokkrum jörðum í dalnum. Hörgá flæmist um áreyrar sínar í dalbotninum. Svæðið er neðan fjallendisins sem afmarkað er á náttúruminjaskrá.
- Markmið verkefnisins er að rækta fjölnytjaskóg sem skila á af sér viðarnytjum, binda kolefni, jafna vatnbúskap og auka frjósemi jarðvegs og auka gildi svæðisins til útivistar allan ársins hring.
- Gert er ráð fyrir skógi umhverfis tún, ofan þjóðvegjar og neðan 200 m h.y.s. Ekki er gert ráð fyrir að planta trjám í mýrlendi. Gróðursett verður í 40 ha og gert ráð fyrir að planta um 93.000 plöntum á 10 árum. Gert er ráð fyrir því að gróðursetja furu í mólendi, í gömul tún verður gróðursett greni og ösp, efst verður gróðursett birki og haft gisið. Einnig verður lerki plantað efst í skógræktarreit sem liggur austast.
- Framkvæmdaaðili hefur hugað að því að dempa ásýnd skógarins til að hún megi virðast „náttúrulegri“ en gengur og gerist á skógræktarsvæðum. Er það gert með því að hafa útlínur trjálunda óreglulegar, hafa birkilundi inn á milli lunda innfluttra trjátegunda, planta víði meðfram árbökkum og planta gisið í jöðrum.
- Vistgerðir á svæðinu eru fjölbreyttar en skv. greinargerð með tilkynningunni eru á svæðinu fyrst og fremst mólendisvistgerðir og votlendisvistgerðir. Þar af er starungsmýravist þeirra umfangsmest en vistgerðin hefur hátt verndargildi. Gert er ráð fyrir að planta ekki í votlendi í áætluninni og að landið verður gróðurkortlagt áður en skógræktaráætlun verður frágengin.



NIÐURSTAÐA OG ÁBENDINGAR

- Benda má á að ýmsar mólendisvistgerðir hafa hátt verndargildi, t.d. víðikjarrvist og lyngmóavist á láglandi en þær finnast þarna í nokkrum mæli. Því er lagt til að draga úr umfangi plöntunar í mólendi og nota e.t.v. tegund sem ekki mun sá sér út í mólendið.
- Í gagnagrunni NÍ eru þessar tegundir lyklaðar við Hallfríðarstaði (úr reit 5242 / 525-575): dvergstör (*Carex glacialis*), jarðarber (*Fragaria vesca*), maríuvöndur (*Gentianella campestris*) Íslandsffill (*Pilosella islandica*). Skráningarnar eru gamlar (4. Áratug síðustu aldar). Dvergstör og jarðarber hafa verndargildi 4 (á bilinu 1-10, 10 er hæsta verndargildið) en engin þeirra er á valista.
- Allt skógræktarsvæðið er ofan vegar sem liggur meðfram Hörgá og Hörgáreyrar því í næsta nágrenni. Leiða má líkum að því að framandi trjátegundir úr skógræktinni geti dreift sér niður í áreyrar Hörgár, sem er opið land, og því þarf að horfa á áhrif skógræktarinnar í stærra samhengi en eingöngu land Hallfríðarstaða. Sama á við um önnur skógræktarsvæði. Ösp, greni, lerki og fura eru talin fram í áætluninni. Ýmsar trjátegundir sem eru notaðar í skógrækt hér á landi hafa nú dreift sér í íslenska náttúru, vel út fyrir upprunaleg skógræktarsvæði, má þar nefna stafafuru. Þá hefur stafafura, sem er mikið notuð í skógrækt hér á landi, alla burði til að vera ágeng tegund sé miðað við aðstæður hérlendis og hegðun hennar í öðrum löndum. Sá möguleiki er því fyrir hendi að skógræktarsvæðið sem hér er til umfjöllunar geti verið uppspretta útbreiðslu framandi tegunda niður áreyrar Hörgár.
- Ekki er víst að nágrannar kæri sig um að fá stafafuru eða aðrar tegundir í sitt land. Stjórnvöld (t.d. þeir sem veita styrki til skógræktar, skipulagsyfirkvöld, sveitarfélög o.s.frv.) og landeigendur þurfa því að skoða hver ber ábyrgð á að fjarlægja sjálfsáðar tegundir úr landi þeirra sem ekki eru með skógrækt, eða úr verndarsvæðum sem tegundirnar berast inná, sé þess óskað. Þó þetta sé ekki mikið vandamál í dag gæti svo orðið á næstu áratugum og því eðlilegt að ráð sé gert fyrir því í skógræktaráætlunum hvernig slík mál eru leyst.
- Gert er ráð fyrir áburðargjöf við gróðursetningu og alls þarf að bera á 63.000 plöntur. Borið verður á 10 gr. af tilbúnum áburði á hverja plöntu. Í heildina verður því borið á um 630 kg af áburði. Þar sem Skógræktarsvæðið er á vatnsverndarsvæði Hörgársveitar (fjarsvæði), þyrfti mögulega að hafa í huga næringarefnaþengingun út í Hörgá.
- Hætta er á að lagning vegslóða verði mest áberandi við framkvæmdina. Til að lágmarka rask vegna vegslóða þarf að sneiða hjá votlendi og vera ekki á ferð þegar frost er að fara úr jörðu eða eftir miklar rigningar.
- Draga má úr áformum um plöntun í vistgerðir með hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist, runnamýravist á láglandi (og votlendi almennt), lyngmóavist á láglandi og víðikjarrvist. Í áætlun er tekið fram að ekki muni verða plantað í votlendi og þarf að sjá til þess að votlendin haldi sér til framtíðar.
- Á bls. 8 í greinargerðinni er fjallað um að við gerð skógræktaráætlana sé tekið tillit til “umhverfislegra gæða almennt” s.s. náttúruminja og þjóðminja. Í þessu sambandi er rétt að benda á að umhverfisleg gæði er m.a. fólgin í fjölbreytileika íslensku flórunnar. Aðgerð eins og TTS-herfing á landi, sem undirbúningur fyrir skógrækt í mólendi, ristir



upp gróðursvörð og eyðir mólendisgróðrinum, þ.e. veldur spjöllum á gróðri og minnkar þ.a.l. umhverfisleg gæði svæðisins miðað við íslensku flóruna.

- Í greinargerðinni segir að landið “loki sér á einu til tveimur árum” eftir TTS herfingu. Það kemur ekki heim og saman við heimildir um notkun aðferðarinnar en þar er m.a. rætt um að aðferðin geri ljótar rákir í landslagið sem vara í nokkur ár, sjá https://www.skogur.is/static/files/namsefni/03_Jardvinnsla-namsk-2017-GS.pdf. Jafnframt getur einrækt trjátegunda, þar sem plantað er þéttum furuskógi eða greniskógi, leitt til mun fábreyttara gróðurfars samanborið við t.d. tegundaríkt mólendi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin ekki líklegt að skógrækt í landi Hallfríðarstaða muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Helstu ástæður fyrir því mati er að Hallfríðarstaðir eru í hefðbundnu landbúnaðarlandi sem á stóru svæði er þegar lagt undir ýmsan landbúnað og skógrækt. Ekki er farið inn á friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Umfang skógræktarinnar á þessari jörð er ekki mjög mikið og ef farið er eftir ábendingum og þeim varúðarráðstöfunum sem koma fram í greinargerð, um t.d. vernd votlendis og tiltekinna vistgerða, er hægt að komast hjá helstu neikvæðum áhrifum af skógræktinni á náttúruleg vistkerfi. Óvíst er þó hvernig taka skal á ótilætlaðri dreifingu framandi trjátegunda. Ekki liggur fyrir skógræktaráætlun fyrir þennan landshluta og því hefur ekki verið tekið saman hver eru hin eiginlegu umhverfislegu gæði sem þarf að huga að á svæðinu m.t.t. skógræktar og annarra hagsmuna.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði og ráðgjafardeildar

